



**Umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi**  
**26. nóvember 2014**  
**Þingskjal 372 – 305. mál**

### **Almennt**

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) gerir ekki sérstakar athugasemdir við frumvarpið en ítrekar ályktun aðalfundar síns frá því í september 2014.

### **Jöfnun á dreifingarkostnaði raforku**

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á Alþingi að jafna að fullu dreifingarkostnað raforku til almennra nota í dreifbýli og þéttbýli. Það er óásættanlegt að íbúum á dreifbýlli svæðum sé gert að greiða hærra verð fyrir grunnþjónustu eins og raforku, einkum þegar horft er til þess að víða háttar svo til að auðlindir sem nýttar eru til raforkuframleiðslu er einmitt að finna á eða í nágrenni við þau dreifbýlu svæði.

### **Flutningskerfi raforku**

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 krefst þess að stjórnvöld styrki flutningskerfi raforku sem ekki hefur staðið að fullu undir hlutverki sínu. Undanfarin ár hefur óstöðugleiki háð starfsemi fyrirtækja á Austurlandi sem reiða sig á raforku við starfsemi sína.